



Reykjavík, júní 2020

Svo liðu fyrstu 5 mánuðirnir.

Covid-19 hefur haft víðtæk áhrif á heimsbyggðina og þar með opnun fyrirtækisins okkar á Íslandi, sem hefur orðið fyrir verulegum áhrifum vegna lokunarinnar.

Í fyrstu voru horfurnar góðar en svo brast Covid-19 faraldurinn á með þekktum afleiðingum.

Við höfðum ráðgert, eins og mörg önnur fyrirtæki, að taka þátt í sýningunni Verk og vit sem átti að fara fram í Reykjavík í mars síðastliðnum en var frestað fram í október. Þar var ætlunin að kynna þjónustu okkar og þekkingu á:

- Brunatjónum
- Vatnstjónum
- Innivist / meðhöndlun á myglu
- Þurrkun á byggingahlutum
- Takmörkun á frekara tjóni

Þann 1. desember unnum við að því að koma okkur fyrir á Vagnhöfða 17 í Reykjavík og höfum unnið að ýmsum verkefnum fram að lokun landsins eins og t.d. meðhöndlun á myglu, þurrkun og viðhaldsverkefnum. Í byrjun var framkvæmdum að mestu stýrt frá Danmörku en nú er umsjón verkefna í höndum deildarstjórans, Guðbergs Guðmundssonar.

Myglusýni eru send til Danmerkur til greiningar, en unnið er að því að finna innlendan aðila til að sinna þessu og vonumst við til að það verði að veruleika innan skamms.

Þrátt fyrir byrjunarörðugleika erum við fullir bjartsýni og sannfærðir um að eftirspurn fyrir faglegri þekkingu af okkar tagi sé til staðar og eigi eftir að gagnast viðskiptavinum okkar vel.

Ef þið þurfið á þjónustu okkar að halda eða hafið einhverjar spurningar, hafið þá samband við undirritaðan eða Guðberg Guðmundsson, deildarstjóra.

Við vonumst eftir að fá sem flest ykkar í heimsókn í básinn okkar á sýningunni Verk og vit í október.

Bestu kveðjur

Michael Nielsen og Guðbergur Guðmundsson

michael@mtisland.is

gudbergur@mtisland.is